

Frumvarp til laga

um breytingu á vopnalögum, nr. 16/1998, með síðari breytingum (forefni til sprengiefnagerðar, EES reglur)

(Lagt fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015–2016.)

I. KAFLI Kaflafyrirsögn.

1. gr.

Á eftir 5 mgr. 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi: Með forefnum til sprengiefnagerðar er í lögum þessum átt við efni og eða blöndur sem sæta takmörkunum eða eru tilkynningaskyld og hægt er að misnota til ólöglegar framleiðslu sprengiefna, og sem talin eru upp í reglugerð sem ráðherra setur til innleiðingar á ákvæðum reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 98/2013 um markaðssetningu og notkun forefna sprengiefna.

2. gr.

Við c. lið 1. mgr. 2. gr. bætast orðin: og forefni til sprengiefnagerðar,

3. gr.

Við 27. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi: Óheimilt er að búa til, varðveita, hafa í fórum sínum, selja, flytja til landsins eða flytja úr landi heimatilbúnar sprengjur.

4. gr.

Á eftir 27. gr. laganna koma fjögur ný ákvæði, svohljóðandi:

a. (27. gr. a)

Almennun borgurum er óheimilt að hafa í fórum sínum og nota forefni sprengiefna, sem sæta takmörkunum, í meiri styrkleika en viðmiðunarmörk samkvæmt reglugerð kveða á um.

Ráðherra getur í reglugerð ákveðið að heimila almennum borgurum að hafa í fórum sínum og nota tiltekin efni skv. 1. mgr. í styrkleika yfir viðmiðunarmörkum að því tilskildu að sá sem gerir efnin aðgengileg skrái öll viðskipti í samræmi við 27. gr. c.

Ráðherra getur ákveðið að skrá skuli öll viðskipti með forefni skv. 5. mgr. 1. gr. í samræmi við 27. gr. c.

b. (27. gr. b)

Sá sem framleiðir, flytur inn, flytur út eða verslar með forefni til sprengiefnagerðar geta áskilið sér rétt til að hafna grunsamlegum viðskiptum. Skylt er að tilkynna viðskiptin, eða tilraun til slíkra viðskipta, þ. á m. grunsamlegar fyrirspurnir, án óþarfa tafa, þ. m. t., ef mögulegt er, upplýsingar um deili á viðskiptamanninum, til lögreglustjóra, tollstjóra eða annars tengiliðar á landsvísu. Aðeins er skylt að tilkynna ef gildar ástæður eru til að ætla að fyrirhuguð viðskipti með eitt eða fleiri efni, sem talin eru upp í reglugerð, eða blöndur eða efni, sem innihalda þau, séu grunsamleg viðskipti með hliðsjón af öllum aðstæðum og einkum þegar tilvonandi viðskiptamaður:

- a. virðist óskýr varðandi fyrirhugaða notkun efnisins eða blöndunnar,
- b. virðist ekki vita hver fyrirhuguð notkun efnisins eða blöndunnar er eða getur ekki útskýrt það þannig að trúanlegt sé,
- c. hyggst kaupa efni í magni, samsetningu eða styrkleika sem er ekki algengt til einkanota,
- d. er ekki viljugur til að sýna fram á hver hann er eða hvar hann býr eða
- e. fer fram á að greiða með óvenjulegum hætti, þ. m. t. háar fjárhæðir í reiðufé.

Skylt er að tilkynna um hvarf eða þjófnað á miklu magni af sprengiefni eða forefnum til sprengiefnagerðar, sem talin eru upp í reglugerð skv. a. og b. lið 27. gr. e, og blöndum eða efnunum, sem innihalda þau, til lögreglustjóra, tollstjóra eða annars tengiliðar á landsvísu.

c. (27. gr. c)

Nú ákveður ráðherra með reglugerð að viðskipti með forefni skuli vera skráningaskyld eða að tiltekin forefni sem háð eru takmörkunum verði aðgengileg almennum borgurum í styrkleika yfir viðmiðunarmörkum og skulu þá þeir sem gera efnin aðgengileg halda skrá yfir viðskiptin með efnin. Viðskiptamenn skulu gera grein fyrir hverjir þeir eru með því að sýna lögleg skilríki.

Skráin skal a.m.k. innihalda eftirfarandi upplýsingar:

- a) nafn, heimilisfang og, eftir atvikum, annaðhvort kennitölu viðskiptamanna eða tegund og númer skilríkis,
- b) nafn efnisins eða blöndunnar, þ. m. t. styrkleiki þess,
- c) magn efnisins eða blöndunnar,
- d) yfirlýsing viðskiptamanns um fyrirhugaða notkun efnisins eða blöndunnar,
- e) dagsetning og staður viðskiptanna,
- f) undirskrift viðskiptamanns.

Skráin skal geymd í fimm ár frá viðskiptadegi. Lögreglustjóri eða tollstjóri getur, hvenær sem er og án sérstakrar heimildar, krafist þess að fá aðgang að skránni.

Skráin skal geymd á pappír eða með öðrum varanlegum miðli og skal aðgengileg til skoðunar hvenær sem er allt tímabilið sem kveðið er á um í 3. mgr. Öll gögn sem geymd eru rafrænt skulu:

- a) vera í samræmi við snið og innihald samsvarandi pappírsskjala og
- b) vera tiltæk hvenær sem er allt tímabilið sem kveðið er á um í 3. mgr.

Leyfisveitendur skulu senda lögreglustjóra, tollstjóra eða öðrum aðila á landsvísu yfirlit yfir útgefnin leyfi einu sinni á ári en oftast sé þess óskað.

d. (27. gr. e)

Ráðherra setur reglur um forefni til sprengiefnagerðar í reglugerð. Reglurnar geta m.a. kveðið á um:

- a. tegundir forefna sem sæta takmörkunum,
- b. tegundir forefna sem sæta eingöngu tilkynningaskyldu,
- c. tegundir forefna sem sæta skráningaskyldu,
- d. viðmiðunar- og styrkleikamörk,
- e. skráningu forefna og tilkynningaskyldu,
- f. tengilið á landsvísu,
- g. eftirlit,
- h. heimatilbúnaðar sprengjur,
- i. merkingar,
- j. o.fl.

5.gr.

Við 39. gr. bætist við ný málsgrein, svohljóðandi: Lög þessi fela í sér innleiðingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 98/2013 frá 15. janúar 2013 um markaðssetningu og notkun forefna sprengiefna.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í innanríkisráðuneytinu og lagt fram á 145. löggjafarþingi.

Með ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar nr. 269 þann 12. desember 2014 var reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 98/2013 frá 15. janúar 2013 um markaðssetningu og notkun forefna sprengiefna tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðisins.

Til að innleiða reglugerðina í íslenskan rétt er talið nauðsynlegt að breyta vopnalögum nr. 16/1998 en gert er ráð fyrir því að reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 98/2013 verði síðan innleidd að fullu með nýrri reglugerð um forefni til sprengiefnagerðar.

I. Inngangur.

Lengi hefur verið þekkt að tiltekin efni sem notuð eru t.d. í iðnaði og landbúnaði er hægt að misnota til ólöglegar framleiðslu sprengiefna. Heimsbyggðin hefur ekki farið varhluta af því en efni sem notuð eru t.d. í landbúnaði hafa ítrekað verið uppistaðan í sprengjum hryðjuverkamanna í sprengjuárásum á saklausa borgara. Þá hafa tilraunir til að vinna skaða með tilteknum efnum leitt til þess að hert hefur verið á öryggisleit undanfarna áratugi fyrir flug til að tryggja flugvernd og gerðar frekari takmarkanir á hlutum sem taka má með sem handfarangur í flug.

Árið 2008 auðkenndi fastanefnd Evrópusambandsins um forefni mörg efni sem hægt er að nota til að gera hryðjuverkaárásir og lagði til að gripið yrði til viðeigandi aðgerða á vettvangi Evrópusambandsins. Það leiddi m.a. af sér að reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 98/2013 frá 15. janúar 2013 um markaðssetningu og notkun forefna sprengiefna var sett en svo sem fram hefur komið var reglugerðin tekin inn í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið þann 12. desember 2014.

Með reglugerðinni er komið á samræmdum reglum um aðgengi, markaðssetningu, umráð og notkun efna eða efnablandna sem nota má til að framleiða ólögleg sprengiefni í þeim

tilgangi að takmarka aðgengi almennings að þeim. Einnig er með gerðinni stefnt að því að tryggja tilkynningu á grunsamlegum viðskiptum með tiltekin efni.

Notuð er sú aðferð að gera ólöglega framleiðslu sprengiefnis erfiðari með því að mæla fyrir um leyfileg styrkleikamörk fyrir tiltekin forefni sprengiefna og eru viðkomandi efni talin upp í viðauka I við gerðina. Sjö efni eru talin upp í viðkomandi viðauka ásamt styrkleikamörkum og er þannig frjáls dreifing þessara efna undir styrkleikamörkunum tryggð. Ríki geta þó kveðið á um að viðskipti með efnin séu skráð. Hins vegar skal takmarka aðgang almennings að þessum eignum þegar þau eru yfir styrkleikamörkunum. Ríki geta þó ákveðið að veita almenningi aðgang að völdum eignum yfir styrkleikamörkum. Ákveði þau að gera það skal koma upp skráningarkerfi þar sem sala er skráð eða komið upp leyfakerfi hjá lögbæru yfirvaldi. Greinargerð með reglugerðinni og ákvæðum reglugerðarinnar ber ekki saman að þessu leyti en skv. ákvæðum reglugerðarinnar er valkvætt hvort leyfakerfi er notað eða skráningarkerfi. Það þýðir að almenningur getur ekki orðið sér úti um, flutt inn, haft í vörslu sinni eða notað þessi forefni sprengiefna í styrkleika sem er yfir mörkunum, nema annað hvort að fengnu sérstöku leyfi og með skráningu eða að viðskiptin séu aðeins skráð.

Þá eru í gerðinni talin upp átta efni í viðauka II sem tilkynningarskylda gildir um ef grunsamleg viðskipti eiga sér stað með þau. Þetta á til dæmis við þegar tilvonandi viðskiptavinur er óskýr að því er varðar fyrirhugaða notkun, virðist ekki vita hver hún er eða getur ekki útskýrt það svo trúanlegt sé, hyggst kaupa efni í óvenjulegu magni, óvenjulegum styrkleika eða óvenjulegri samsetningu, er ekki viljugur til að sýna fram á hver hann er eða gefa upp búsetu eða fer fram á að greiða með óvenjulegum hætti. Rekstraraðilar skulu einnig geta áskilið sér rétt til að hafna slíkum viðskiptum.

Þá gerir reglugerðin ráð fyrir að nýjum eignum verði bætt á listana í viðaukunum eða styrkleikum breytt ef upp koma nýjar leiðir til að framleiða sprengiefni.

Mörg þeirra efna sem getið er í viðaukum I og II í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 98/2013 eru leyfisskyld á Íslandi en ekki öll. Svo virðist sem leyfisskyldan sé fyrst og fremst að formi til en leyfi er alla jafnan veitt sé ekki ástæða til að hafna því. Með þessu fyrirkomulagi er nokkurs konar skráningarskylda. Efnin, sem krafist er leyfi fyrir, fást ekki tollafgreidd nema með leyfi frá viðkomandi yfirvaldi, sem eru ýmist, Vinnueftirlitið, MAST og Lyfjastofnun.

Íslensk lögregluvirkni og tollayfirvöld hafa um nokkurt skeið undirbúið viðbrögð og greint hvar skórin kreppir við að fá yfirsýn yfir forefni sprengiefna með hliðsjón af framangreindri reglugerð og almannaoýggi. Við gerð frumvarpsins naut ráðuneytið afraksturs þessa góða samstarfs sem enn stendur yfir.

II. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Svo sem fram hefur komið felur reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 98/2013 frá 15. janúar 2013 í sér takmarkanir á notkun efna, eftirlit og skráningu en skortur er á heimild í gildandi vopnalögum til að hafa eftirlit og takmarka notkun þessara forefna. Þá kveður reglugerðin á um tilkynningarskyldu sem ber að hafa í lögum. Það leiðir af reglugerðinni að framleiðsla heimatilbúinna sprengja sé bönnuð en slíka bannreglu skortir í íslenskan rétt og en nauðsynlegt er að kveða á um það með lögum. Þannig var ekki hægt án lagaheimildar að innleiða reglugerð Evrópusambandsins eingöngu með setningu reglugerðar hér á landi. Þá felur reglugerðin í sér kröfu um vinnslu persónuupplýsinga en nauðsynlegt er að gera því skil í lögum í stað reglugerða.

III. Meginefni frumvarpsins.

Við samningu frumvarpsins var reynt að hafa það að leiðarljósi að ganga ekki lengra en reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 98/2013 gerir og takmarka þannig íþyngjandi áhrif lagasetningarinnar á atvinnulífið og almenna borgara án þess þó að veða að almannaoöryggi. Telja verður að það hafi tekist að mestu.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að óheimilt sé að búa til, varðveita, selja, flytja inn og flytja út heimatilbúnar sprengjur. Flestar sprengjur sem notaðar hafa verið til hryðjuverka og búnar eru til úr forefnum eru framleiddar í heimahúsum eða öðrum húbýlum sem ekki eru gerð fyrir sprengiefnaframleiðslu. Þá nær ákvæðið til sprengja sem þekkt er að einstaklingar hér á landi hafa búið til t.d. um áramót úr skoteldum sem teknir hafa verið í sundur, t.d. svo kallaðar rörasprengjur.

Í frumvarpinu er kveðið á um þá meginreglu að almennir borgarar skuli ekki hafa aðgang að forefnum sprengiefna sem sæta takmörkunum samkvæmt reglugerð. Þó er aðgangur almennings heimill að þessum efnum undir ákveðnum styrkleikamörkum. Fjöldi þessara efna og styrkleikamörk geta tekið breytingum og því er rétt að geta um þau í reglugerð. Þessi efni eru talin upp í viðauka I við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 98/2013. Þau eru sjö talsins og nefnast vetnisperoxíð, nítrómetan, saltþéturssýra, kalíumklóríð, kalíumperklórat, natríumklórat og natríumperklórat.

Þá er gert ráð fyrir að ráðherra geti ákveðið að öll viðskipti með forefni skv. reglugerð, hvort sem þau sæta takmörkunum eða ekki, skuli skráð. Skráning á viðskiptum með efnin myndu án efa styrkja almannaoöryggi í landinu og stuðla að því að yfirvöld hefðu yfirsýn yfir magn þessara efna og hvar þau væru. Í dag er lítil yfirsýn yfir efnin þegar þau koma inn í landið en yfirsýnin hverfur alveg eftir að þau koma inn í landið. Ef skráningarkerfi yrði komið á þá væru meiri líkur á því að lögreglu yfirvöld gætu komið í veg fyrir hryðjuverk ef þau væru áformuð hér á landi með notkun sprengja. Ákvörðun um það hvort skrá eigi þessi efni hefur ekki verið tekin.

Einnig er ráðherra heimilt að heimila með reglugerð að almenningur geti nálgast efni sem háð eru takmörkunum í hærri styrkleikamörkum. Þau efni eru í dag vetnispersoxíð, nítrómetan og saltþéturssýra. Ákveði ráðherra að veita þessa heimild er skylt að skrá viðskiptin á ákveðinn hátt.

Í II. viðauka reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 98/2013 eru talin átta efni sem tilkynningaskylda gildir um ef grunsamleg viðskipti eiga sér stað. Um er að ræða efnin hexamín, brennisteinssýru, aseton, kalíumnítrat, natríumnítrat, kalsíumnítrat, kalsíummammóníumnítrat og ammóníumnítrat. Lagt er til í frumvarpinu að öll forefni í reglugerð sem ráðherra setur verði tilkynningaskyld ef grunsamleg viðskipti, grunsamlegar fyrirspurnir eða tilraun til grunsamlegra viðskipta eigi sér stað. Með grunsamlegum viðskiptum er átt við hvers konar viðskipti, þ. m. t. viðskipti atvinnunotenda, með þau efni sem talin eru upp í reglugerð sem ráðherra setur eða blöndur eða efni, sem innihalda þessi efni, ef gild ástæða þykir vera til að gruna að fyrirhugað sé að nota efnið eða blönduna til ólöglegrar framleiðslu á sprengiefnum. Nánari leiðbeiningar er að finna í ákvæði 27. c. Að þessu leyti gengur frumvarpið lengra en reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins. Tillagan er lögð fram í þágu almannaoöryggis og almannahagsmuna og er það mat ráðuneytisins að í þessu tilviki vegi almannahagsmunir og almannaoöryggi þyngra en lögmætir hagsmunir einstaklinga til persónufrelsis.

Með lögum þessum, þ.e. tilkynningaskyldu og ef ákveðið verður að taka upp skráningarkerfi skv. reglugerð, er gerð krafa um að persónuupplýsingar verði unnar og birtar til þriðja aðila, ef um er að ræða grunsamleg viðskipti. M.ö.o. að krafist verður að viðskipti

verði skráð, að lögregluþyrifvöld hafi aðgang að skránum auk þess sem að sérstaklega verði tilkynnt til lögreglu, vakni grunsemdir um misferli. Skráningin og birtingin felur í sér skerðingu á grundvallarréttindum til einkalífs og réttindum til verndar persónuupplýsinga. Gert er ráð fyrir því að þau grundvallarréttindi til verndar persónuupplýsinga séu vernduð með viðeigandi hætti þegar persónuupplýsingar einstaklinga eru unnar við beitingu frumvarps þessa og reglugerða sem settar kunna verða. Höfð hefur verið hliðsjón af lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 sem og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga við gerð þessa frumvarps einkum er um vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við skráningu viðskipta og tilkynningar um grunsamleg viðskipti. Taka þarf tillit til almennra meginreglna um gagnavernd sem varða lágmörkun gagna, takmörkun vegna tilgangs, meðalhóf og nauðsyn, sem og kröfuna um að sýna skráðum aðila tilhlýðilega virðingu að því er varðar rétt hans til aðgangs, til leiðréttingar og eyðingar.

Gert er ráð fyrir að reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 98/2013 verði að fullu innleidd með reglugerð sem ráðherra setur. Vanda þarf til þeirrar reglugerðar og þá sérstaklega hvað samráð varðar.

IV. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Með frumvarpinu er verið að innleiða alþjóðlegar skuldbindingar Íslands skv. samningnum um Evrópska efnahagssvæðið

V. Samráð.

.....bíða með þennan kafla eftir samráð á vef ráðuneytisins.

VI. Mat á áhrifum.

Samþykkt frumvarpsins mun ekki hafa teljandi áhrif á hagsmunaaðila en þó gæti skráningarkerfi, verði það sett á laggirnar, haft áhrif á atvinnulífið en þó hverfandi. Áhrif frumvarpsins á almannahagsmunum og almannaöryggi eru hins vegar talsverð og leiða má líkur að því að öryggi samfélagsins muni aukast. Það er mat ráðuneytisins, svo sem fram hefur komið, að það vegi þyngra en persónuvernd fárra einstaklinga, því ekki megi útiloka þann möguleika að hér verði framið hryðjuverk þar sem forefni sem hér um ræðir verði notuð og því brýnt að frumvarpið verði samþykkt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að hugtakið forefni verði skilgreint undir gildissviði laganna. Rétt þykir að skilgreint sé í grófum dráttum hvað forefni til sprengiefnagerðar sé en efnin geta verið af margvíslegum toga og flest notuð í öðrum tilgangi en til sprengiefnagerðar. Með forefnum skv. lögnum er átt við tiltekin efni sem ákveðin eru með reglugerð og hægt er að misnota til ólöglegrar sprengiefnagerðar. Efnunum er skipt í tvennt, annars vegar efni sem eru háð takmörkunum og hins vegar efni sem einungis er skylt að tilkynna um grunsamleg viðskipti. Erfitt er að skilgreina þetta í lagatexta betur en gert er hér. Ef efni er ekki tilgreint í reglugerð sem ráðherra setur þá eiga þau ekki undir lögin. Þannig falla ekki öll efni undir lögin sem mögulega er hægt að gera sprengju úr.

Um 2. gr.

Lagt er til að við c. lið 1. mgr. 2. gr. bætist orðin „og forefni til sprengiefnagerðar“. Þó að gildandi vopnalög gildi um sprengiefni þá er ekki sjálfgefið að þau gildi um forefni til sprengiefnagerðar sbr. það sem fram kemur í skýringum við 1. gr. Ákvæðið þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 3. gr.

Til að ná fram markmiðum með innleiðingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 98/2013 frá 15. janúar 2013 er nauðsynlegt að leggja bann við heimatilbúnum sprengjum. Því er lagt til að nýrri málsgrein verði bætt við 27. gr. laganna þar sem kveðið verði á um að óheimilt verði að búa til, hafa í förum sínum, selja, flytja inn eða út heimatilbúnað sprengjur. Þó að með ákvæðinu sé ætlunin að ná til gerðar á sprengjum sem ætlunin er að nota til hryðjuverka þá mun ákvæðið einnig ná til sprengja, s.s. rörasprengja sem gerðar hafa verið um áramót og valdið hafa tjóni, bæði eigna- og líkamstjóni.

Um 4. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að á eftir 27. gr. komi fjórar nýjar greinar, 27. gr. a,b,c,og d.

Í a. lið er kveðið á um aðgangstakmarkanir almennra borgara að efnum sem sæta takmörkum skv. reglugerð. Almennir hefur hins vegar aðgang að efnunum í ákveðnum styrkleika. Ráðherra er þó heimilt að heimila aðgang að ákveðnum efnum í meiri styrkleika með reglugerð, sbr. 2. mgr. ákvæðisins.

Efnin sem um ræðir í dag eru sjö og voru talinn upp í almennum athugasemdum. Listi yfir efnin sem aðgangstakmarkanirnar eiga við og styrkleiki þeirra, kann að breytast með tíð og tíma og því er nauðsynlegt að tiltaka þau í reglugerð. Yfirvöld gætu þurft að bregðast fljótt við ef nauðsynlegt er að bæta við listann eða breyta styrkleikaviðmiðunum og því er setning reglugerðar fljótlegri en breyting á lagatexta.

Í 3. mgr. a. liðar er kveðið á um heimild fyrir ráðherra að kveða á um það að viðskipti með efni sem ákveðin eru með reglugerð, hvort sem um þau gilda aðgangstakmarkanir eða aðeins tilkynningaskylda, verði skráð skv. 27. gr. c. Þrýtt er að ráðherra hafi þessa heimild þar sem nauðsynlegt getur verið, með vísan til almannaöryggis, að fylgjast með efnunum þessum.

Í b. lið er lagt til að sá sem framleiðir, flytur inn, flytur út eða stundar verslun með sprengiefni eða forefni til sprengiefnagerðar sem talin eru upp í reglugerð sem ráðherra setur, sbr. viðaukar I og II í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 98/2013, geti áskilið sér rétt til að hafna grunsamlegum viðskiptum. Með grunsamlegum viðskiptum er átt við hvers konar viðskipti, þ.m.t. viðskipti atvinnunotenda, með þau efni sem talin eru upp í viðaukunum eða með blöndur eða efni, sem innihalda þessi efni, ef gild ástæða þykir vera til að gruna að fyrirhugað sé að nota efnið eða blönduna til ólöglegra framleiðslu á sprengiefnum. Þá er þeim gert skylt að tilkynna viðskiptin, tilraun til viðskipta eða grunsamlegar fyrirspurnir til lögreglustjóra, tollstjóra eða annars tengiliðar á landsvísi sem ákveðinn er með reglugerð. Bent skal á að hér er gengið lengra en reglugerðin segir til um, þ.e. tilkynningarskyldan er látin ná til efna sem sæta takmörkunum, þ.e. efna sem getið er í viðauka I við ofangreinda reglugerð, en ekki aðeins efna skv. viðauka II svo sem reglugerðin gerir ráð fyrir. Tekið er sérstaklega fram í ákvæðinu að aðeins er skylt að tilkynna ef gildar ástæður eru fyrir hendi. Þá eru veittar leiðbeiningar í fimm liðum hvenær viðskipti eru grunsamleg. Ljóst er að hér er gerð krafa um vinnslu persónuupplýsinga og frekari birtingu þeirra til þriðja aðila ef um er að ræða grunsamleg viðskipti. Sú vinnsla felur í sér alvarlega

skerðingu á grundvallarréttindum til einkalífs og réttindum til verndar persónuupplýsingum. Tryggja ber að grundvallarréttindi til verndar persónuupplýsinga séu vernduð með viðeigandi hætti þegar persónuupplýsingar einstaklinga eru unnar við beitingu þessara laga í samræmi við lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga.

Í 2. mgr. b. liðar er það gert lögskylt að tilkynna um hvarf eða þjófnað af sprengiefni eða forefnum til sprengigerðar. Gert er ráð fyrir því að ráðherra ákveði tengilið á landsvísu með reglugerð sem taki við tilkynningum en meðan enginn tengiliður er starfandi þá geta menn snúið sér t.d. til lögreglu. Ákvæðið þarfnast ekki sérstakrar skýringa.

Í c. lið er að finna leiðbeiningar um það hvernig skrá eigi viðskipti með forefni til sprengiefnagerðar ef ráðherra ákveður að gera þau skráningarskyld. Rétt þykir að kveða á um það í lögum hvað skuli skráð, hve lengi skráin skuli vera vistuð og önnur grunnatriði. Flest fyrirtæki hafa skráningakerfi nú þegar um viðskipti og viðskiptamenn sína þannig að hugsanlega, ef af skráningu verður, þá ætti þetta ekki að valda miklum óþægindum fyrir fyrirtæki og viðskiptamenn. Hins vegar kann að vera að aðgreina þurfi þessa skrá frá öðrum viðskiptaskráum svo að hægt verði að miðla upplýsingum úr skránum til lögreglu eða tollstjóra og eða veita þessum opinberu aðilum aðgang að þessum upplýsingum. Ekki liggur fyrir hvort búa þurfi til sérstaka skrá sem þurfi að innleiða.

Í d. lið er að finna reglugerðarákvæði sem er nokkuð rúmt. Svo sem fram hefur komið verður reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 98/2013, frá 15. janúar 2013 um markaðssetningu og notkun forefna sprengiefna innleidd að fullu með reglugerð.

Fylgiskjal.

*Fjármála- og efnahagsráðuneyti,
skrifstofa opinberra fjármála:*

Umsögn um frumvarp til laga um ...